



Spáum lækkun stýrivaxta

Við teljum að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að lækka vexti um 0,25 prósentustig á næsta fundi nefndarinnar, en ákvörðunin verður tilkynnt miðvikudaginn 2. október. Lækkun verðbólguvæntinga, hjöðnun verðbólgunnar ásamt styrkingu krónunnar frá síðasta fundi, kallar á að næsta skref í vaxtalækkunarferlinu verði tekið í október

Flest bendir til frekari lækkunar vaxta

Vaxtalækkunarferli Seðlabankans hófst í maí með 0,5 prósentustiga lækkun. Þeirri lækkun var fylgt eftir með 0,25 prósentustiga lækkun í júní og annarri eins lækkun í ágúst. Samhliða vaxtalækkunum hefur verðbólgan hjaðnað og verðbólguvæntingar lækkað að markmiði. Auk þess hafa frekari vísbendingar komið fram um að slaki sé farinn að myndast í hagkerfinu.

Seðlabankastjóri og hefur sagt að frekari lækkunar vaxta sé að vænta skapist til þess réttar aðstæður. Verðbólguþáttur okkar til næstu þriggja mánaða gerir ráð fyrir að verðbólgan verði þegar komin undir verðbólguþáttmarkmiðið í nóvembermánuði og það stefni í 2,1% verðbólgu í desember. Við teljum því að aðstæður til frekari vaxtalækkana séu fyrir hendi og tímabært sé að taka næsta skref í vaxtalækkunarferlinu nú í byrjun október.


Gengisstyrking styður við frekari lækkun vaxta

Gengisbreytingar hafa jafnan mikil áhrif á verðbólguþróunina og þar með á ákvörðun vaxta hverju sinni. Gengisvísitala krónunnar er nú um 1,0% lægri en hún var við síðustu vaxtaákvörðun og styður það við áframhaldandi lækkun vaxta.

Verðbólguvæntingar þróast með jákvæðum hætti


Verðbólguvæntingar til skamms tíma hafa þróast með jákvæðum hætti síðustu mánuði. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur lækkað nokkuð skarpt frá síðasta fundi nefndarinnar og er nú á flesta mælikvarða í samræmi við verðbólguþáttmarkmið Seðlabankans.

Gengisþróun



Heimild: Thomson Reuters Eikon/Seðlabanki Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Heimild: Kodiak, Seðlabanki Íslands



Lækkandi verðbólga styður við áframhaldandi lækkun vaxta

Verðbólga á 12 mánaða grundvelli mældist 3,0% í september og lækkaði um 0,2 prósentustig milli mánaða. Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,2% hækkun vísitölu neysluverðs í október, nánast óbreyttri vísitölu í nóvember og 0,5% hækkun vísitölunnar í desember. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,1% í desember.



Okt '19 til des '19 er spá Hagfræðideildar.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.